

Gerizt áskrifendur að Albýðublaðinu.

Albýðublaðið inn á hvert heimili. Hringið í síma 4900 eða 4906.

Albýðublaðið

Miðvikudagur 24. maí 1950.

Börn og unglingar.

Komið og seljið

Albýðublaðið.

Allir vilja kaupa

Albýðublaðið.

FUJ í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík

Efna til skemmtiferðar að Haukadal um hvítasunnuna.

Kvöldvaka, íþróttir, leikir og dans til skemmtunar fyrir austan.

FÉLÖG UNGRA JAFNAÐARMANNA í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík hafa ákveðið að efna til sameiginlegs skemmtiferðalags austur að Haukadal í Biskupstungum um hvítasunnuhelgina. Verður ekið austur á laugardaginn, dvalið í Haukadal á hvítasunnudag og annan í hvítasunnu og notið þar útivistar og ýmissa skemmtiatriða, en síðan ekið heimleiðis að kvöldi annars dags.

Öllum þátttakendum í ferða-laginu er tryggt gisting í Haukadal og fæði fæst keypt á staðnum. Fólki er sérstaklega benti á að hafa með sér svefnpoka, og einnig er sjálf-sagt að hafa sundföt meðferðis. Brottfærðartími úr Reykjavík verður kl. 3 síðdegis á laugardaginn og farið frá Albýðuhúsinu við Hverfisgötu. Fargjaldið báðar leiðir verður 60 krónur.

SKEMMTIATRÍÐI.

Margt mun verða haft til skemmtunar í Haukadal þessa daga. Kostur verður á að skemmta sér við íþróttir og leiki, dans verður stígnur og kvöldvaka með fjölbreyttri skemmtiskrá að kvöldi hvítasunnudags.

MIKIL ÞÁTTAKA.

Vitað er að þátttaka verður góð úr Hafnarfirði og Keflavík, og eins er gert ráð fyrir mikilli þátttöku reykviskra félaga. Eru þeir félagar FUJ í Reykjavík, sem hyggjast taka þátt í ferðalaginu, beðnir að gera aðvart í skrifstofu félagsins í Albýðuhúsinu, sími 5020 og 6724, ekki síðar en um hádegis á föstudag. Allar nánari upplýsingar eru einnig veittar í skrifstofunni.

Valur á Búðardal gerir nýja kaupsamninga

VERKALÝÐSFÉLAGIÐ

Valur á Búðardal hefur nýlega samið um kaup og kjör verkamanna við kaupfélagið þar, og mun þetta vera fyrsta félagið, sem fær hækkað kaup eftir að heimilað var að hækka kaup þeirra félaga, sem voru undir vissu hámarki, þannig að þau haldi þó réttindum til verðlagsuppbótanna.

Kaup verkamanna í almenntri vinnu hækkar úr kr. 2,92, sem var grunnlaun, í kr. 9,00 á klukkustund, og kaup kvenna og drengja á aldrinum 14—16 ára hækkar í kr. 6,42 á tímann. Aðrir liðir hækkuðu hlutfallslega.

Samningurinn var undirritaður 14. maí, en gildir frá 1. maí og er uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara hvenær sem er.

Pingi Bandalags íslenzkra skáta lauk á sunnudag

PING Bandalags íslenzkra skáta stóð yfir í Reykjavík dagana 19.—20 þessa mánaðar. Mættu á þinginu 44 fulltrúar frá ýmsum sambandsfélögum úti um land og svo stjórn bandalagsins, sem á sæti á þingum bandalagsins með fullum réttindum.

Að þingstörfum loknum á sunnudaginn var haldið samseti í tilefni af 25 ára afmæli bandalagsins, sem er á þessu sumri.

Núverandi stjórn bandalagsins skipa: Dr. Helgi Tómasson skátahöfðingi, frú Hrefna Tynes og Þorsteinn Einarsson varaskátahöfðingjar, Jónas B. Jónsson, Franch Michelsen, frú Erna Guðmundsdóttir og ungfrú Guðrún Hjörleifsdóttir.

Síðasti fyrirlestur

prófessor Bull í kvöld

Í KVÖLD heldur prófessor Francis Bull frá Osló þriðja og síðasta fyrirlestur sinn á vegum norræna félagsins, og er öllum heimill aðgangur meðan húsrúm leyfir. Fyrirlesturinn í kvöld fjallar um norsku skáldkonuna Sigríð Undset, og verður hann fluttur í háskólanum.

Húsfyllir hefur verið á báðum fyrri fyrirlestrum, sem prófessor Bull hefur haldið, en sá fyrsti fjallaði um skáldin Björnsterne og Ibsen, en annar um Vergeland.

Ráðgert var í upphafi að prófessor Bull héldi einnig fyrirlestur á Akureyri, en úr því getur ekki orðið, og heldur hann af stað heimleiðis á morgun.

Nýstárleg leirmunasýning Laugarnesleir h.f. í Austurstræti 3

FYRIR HELGINA opnaði Laugarnesleir h.f. sýningu á framleiðslu sinni í Austurstræti 3 uppi. Getur þar að líta hið fjölbreyttasta úrval leirmuna, en auk þess eru sýnd þarna nokkur málverk, tvær höggmyndir og myndvefnaður.

Það eru fjórmennirnir Gestur Þorgrímsson, Sigrún Guðjónsdóttir og málarnir Waistel og Dolinda Tanner, sem vinna leirmuni þessa; hefur Gestur rennt þá, en frú Sigrún annast brennsluna, og loks hafa þau Waistel og ungfrú Tanner séð um skreytingu þeirra. Eru munir þessir hinir nýstárlegustu, bæði að gerð og skreytingu, og harla ólíkir þeim leirmunum, sem áður hafa verið framleiddir hér.

Þá eru á sýningu þessari

Samningar standa yfir um kaup og kjör í vegavinnu í sumar

Vegagerðin og Albýðusambandið vinna að einum samningi fyrir allt landið.

SAMNINGAR standa nú yfir milli stjórnar Albýðusambands Íslands og vegagerðar ríkisins um kaup og kjör verkafólks og bílstjóra í vegagerðinni í sumar. Hefur þegar náðst samkomulag um kaup og kjör verkamanna og framreiðslustúlkna, svo og um kjarasvæðin. Þá eru þegar byrjaðar viðræður um kaup og kjör vörubílstjóra, en þar er að því stefnt að samræma samninga fyrir allt landið, og hafa bæði bílstjórnir og vegagerðin áhuga á að það takist.

Undanfarin ár hafa gilt misunandi samningar fyrir vörubílstjóra í hinum ýmsu sýslum landsins. Hefur vegagerð ríkisins látið í ljós fullan vilja á því, að í þeirra stað komi einn heildarsamningur, og yrði þá kaupið hið sama um land allt.

Bílstjóraráðstefna Albýðusambandsins, sem haldin var í fyrra og tók þetta mál til meðferðar, komst að sömu niðurstöðu, og ákvað að fela Albýðusambandsstjórn að leita eftir slíkum samningi. Í samræmi við ályktun þessa hefur stjórnin samið, og hafa tekið þátt í þeim samningum af hennar hálfu forseti og framkvæmdastjóri sambandsins, en vegamálastjóri semur fyrir vegagerðina.

Flest bílstjórafélögin hafa nú tilkynnt vegagerðinni, að verkföll hefjist, ef samningar hafa ekki náðst fyrir tiltekinn tíma, en hann er á morgun í sumum sýslum, en allt fram til 29. í öðrum. Er þetta aðeins eðlileg öryggisráðstöfun af hálfu félaganna, þar sem samningar standa yfir, en viðræður gefa góða von um að samkomulag náist áður en til vinnustöðvunar kemur.

Hér er ekki um neina kauphækkun að ræða fyrir bílstjór

ana, heldur aðeins samræmingu yfir allt landið, sem bæði bílstjórnir og vegagerðin hafa hug á að koma í framkvæmd.

Séra Kristján Bjarnason kosinn að Reynivallaprestakalli

PRESTSKOSNING fór fram í Reynivallaprestakalli í Kjós fyrri sunnudag, og voru atkvæði talin í skrifstofu biskups s. l. föstudag. Kosningin var lögmæt og hlaut séra Kristján Bjarnason, prestur frá Raufarhöfn kosningu með 101 atkvæði.

Aðrir umsækjendur fengu atkvæði sem hér segir: Séra Gísli Brynjólfsson, prestur á Kirkjubæjarklaustri 36 atkvæði, séra Einar Sturlaugsson prófastur á Patreksfirði, 9 atkvæði og séra Lárus Halldórs-son, prestur í Flatey, 4 atkvæði.

Alls voru 168 á kjörskrá og neyttu 150 atkvæðisréttar síns.

Gengi lírunnar

Framhald af 1. síðu. var þegar í vetur orðin á gengi lírunnar, mun ríkisstjórnin nú sjá sér leik á borði að fella krónuna enn frekar gagnvart landi, sem er að verða eitt stærsta viðskiptaland okkar. Allar þær nauðsynjar, sem fást fyrir saltfisk og annað, er selt verður til Ítalíu, hækka þannig í verði, og á nýjan leik verða milljónir sóttar í vasa landsmanna með hækkuðu vöruverði.

Handknattleikur

Framhald af 1. síðu. síðar setti Birgir Þorgilsson 3. markið. Á 19. mínútu skoraði svo Reinikainen annað mark sitt í leiknum, og jafnaði markatöluna þar með. Þrátt fyrir góðan vilja beggja liða tókst hvorugu þeirra að setja úrslitamarkið, og endaði leikurinn þannig.

Leikurinn var af beggja hálfu hinn drengilegasti, ekki ein einasta alvarleg hrinding né ólögleg brögð. Halldór Er-lendsson dæmdi af myndugleik og sanngirni.

